



Borgarráð

Borgin okkar 2021

Lagt er til að borgarráð samþykki að ráðist verði í verkefnið *Borgin okkar 2021*. Verkefnið verði framhald á verkefninu Sumarborgin 2020 en nái einnig til að efla einnig mannlíf og menningu í miðborginni í kringum páska, haust og jól, auk utanumhalds annarra verkefna sem tengjast miðborginni. Framlög verði 55 mkr. til verkefnisins og komi af liðnum ófyrirséð.

Jafnframt verði aftur gert ráð fyrir 30 mkr umsóknarpotti vegna viðburða í hverfum. Þannig verði hverfin áfram styrkt, líkt og á síðasta ári, til þess að halda viðburði og styrkja einstaklinga og hópa sem hafa það markmið að efla hverfisanda, félagsauð, mannlíf og menningu í hverfunum. Íbúaráð viðkomandi hverfa taki afstöðu til umsókna líkt og áður en lagt er til að Borgin okkar verði ráðgefandi gagnvart íbúaráðunum í þessum efnum og veiti jafnframt stuðning við framkvæmd eistakra viðburða og verkefna. Framlög verði 30 mkr til hverfaverkefna og komi af liðnum ófyrirséð.

Einnig er lagt til að heimilt verði að nýta allt að 30 mkr af markaðsþeningum borgarinnar til að vekja athygli á miðborginni og áfangastaðnum Reykjavík. Það komi af kostn.stað 07400, verkefni Covid_Viðs.

Líkt og í fyrra er verkefnið samstarfsverkefni umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og menningar- og ferðamálasviðs (MOF) ásamt samstarfsaðilum.

Greinargerð:

Sumarborgin 2020 var eitt af fyrstu átaksverkefnum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Jafnframt var ráðist í innlent markaðsátak undir heitinu Borgin okkar sem gekk að mestu út á að laða gesti til miðborgarinnar og kynna Sumarborgina. Framlög til Sumarborgarinnar voru samþykkt í borgarráði á vormánuðum og jafnframt var samþykkt að allt að 30 mkr. af markaðsátaki vegna Covid-19 yrði varið til innlendrar markaðssetningar á miðborginni um sumarið. Að auki var fjármagn nýtt úr römmum USK og MOF. Þá var samþykkt að fela íbúaráðum borgarinnar að ráðstafa fjármagni inn í hverfin til eflingar þeirra og félagsauðs í hverfunum. Borgarráð samþykkti hvorutveggja í aprílmánuði árið 2020 og fór fram kynning á árangri Sumarborgarinnar 2020 þann 7. janúar sl.

Markmið Sumarborgarinnar á síðasta ári var að efla miðborgina sem sérstakan áfangastað, efla atvinnulíf á svæðinu og bæta borgarumhverfið með gróðri, götugögnum og skemmtilegum uppákomum. Mikilvægt er að styðja áfram við mannlíf, grósku og rekstrarskilyrði miðborgarinnar og gera hana að enn áhugaverðari áfangastað fyrir borgarbúa og landsmenn allt árið um kring. Þess vegna er lagt til að Sumarborgin verði útvíkkuð í

Borgina okkar. Markmiðið er að hver árstíð fái sitt sérstaka yfirbragð, með viðburðum, endurlífgun borgarrýma, skemmtilegum götugögnum og ýmsum upplifunum. Þess á milli breyti borgin um takt með tónlist eða vetrarborgartöfrum.


Samvinna þvert á svið og skrifstofur er lykilatriði til að vel til takist og lærdómurinn af Sumarborginni 2020 var sá að hægt er vinna hratt og vel auk þess sem fjármagn nýtist betur ef ábyrgð er skýr og samvinna er góð. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram og gera enn betur undir yfirskriftinni Borgin okkar. Unnið verður samkvæmt Ferðamálastefnu, Menningarstefnu og Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Verkefnið tekur áfram mið af þeim 13 aðgerðum sem borgarráð kynnti þann 26. mars 2020. Verkefnið tengist beint aðgerðum 5-9 sem eru (5) Nýsköpun og ný tækni, (6-7) Skapandi greinar og þekkingargreinar, (8) Menning, listir, íþróttir og viðburðarhald og (9) Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir.

Verkefnisstjóri Borgarinnar okkar er Björg Jónsdóttir (MOF) USK, áfram starfi stýrihópur með undir forystu Ólafar Örvarsdóttur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og stefnt verði að því að verkefnið verði eins aðgenilegt og kostur er fyrir samstarfsaðila, m.a. með sameiginlegri aðstöðu yfir sumartímann.

Undirhópar:

- Markaðssetning
- Miðlun og ytri og innri samskipti (samskipti við fjölmiðla og hagsmunaaðila)
- Borgarhönnun
- Börn og fókushópar
- Viðburðarteymi
- Afnotaleyfi og umhirða



Dagur B. Eggertsson